



## Gjaldskrá Fjarðabyggðar vegna ljósleiðaraheimtauga í dreifbýli Fjarðabyggðar vegna verkefnisins "Ísland ljóstengt"

Gjaldskrá þessi gildir þar sem Fjarðabyggð sem sjálfstæður aðili eða í samstarfi við fyrirtæki sem annast rekstur fjarskiptakerfa og eða lagningu stofn- eða dreifikerfa af hverju tagi leggur heimtaugar í dreifbýli sem hluta af verkefninu *Ísland ljóstengt*. Gjaldskrá þessi gildir ekki þar sem framkvæmd við ljósleiðaralagningu er boðin út í heild sinni eða samið við framkvæmdaaðila um altæka framkvæmd verkefnis þó það sé hluti af *Ísland ljóstengt*.

Eigendur fasteigna í dreifbýli eiga þess kost að tengjast óvirkum hluta ljósleiðarakerfis þar sem sveitarfélagið hefur með styrkveitingu Fjarskiptasjóðs eða annarra aðila, ákveðið að byggja upp ljósleiðarakerfi í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki.

Styrkhæfir tengistaðir þurfa að uppfylla skilyrði skilmála verkefnisins *Ísland ljóstengt*. Skilyrði styrkveitingar er að fasteign sé tengd ljósleiðaraheimtaug sem tilbúin er til virkrar notkunar.

Tengigjald styrkhæfra tengistaða er 250.000 kr. sem greiðist af eiganda fasteignar. Virðisaukaskattur er ekki lagður á fjárhæð. Tengigjald er á gjalddaga þegar notandi leggur fram ósk um tengingu virks búnaðar.

Tengigjald óstyrkhæfra tengistaða er 500.000 kr. sem er grunngjald og greiðist af eiganda fasteignar. Virðisaukaskattur er ekki lagður á fjárhæð grunngjalds. Nemi kostnaður við lagningu heimtaugar hærri fjárhæð greiðist raunkostnaður við heimtaugina. Tengigjald er á gjalddaga þegar lagningu heimtaugar er lokið.

Ljósleiðaraheimtaug er frágengin að fullu frá stofnstreng og inn fyrir húsvegg til notanda sem óvirkur hluti kerfis.

Línuleigugjald ljósleiðaraheimtauga í eigu sveitarfélagsins þar sem rekstri er ekki útvist er kr. 2.300 á mánuði án virðisaukaskatts og innheimtuþóknunar endursöluaðila. Línuleigugjald og stafræn þjónustugjöld eru innheimt af fjarskiptafyrirtækjum.

Ljósleiðarakerfi er opið þeim aðilum sem selja stafræna þjónustu til notenda.

Ljósleiðaraheimtaugar eru eign sveitarfélagsins í 10 ár eftir að lagningu heimtaugar lýkur, en eign notanda að þeim tíma liðnum hafi sveitarfélagi ekki ráðstarfað ljósleiðarakerfi annað. Notandi ljósleiðaraheimtaugar greiðir allan viðhaldskostnað frá þeim tíma sem heimtaugin verður virk en selji sveitarfélagið ljósleiðarakerfið gilda skilmálar sölu.

Lagning heimtaugar og tenging hennar er framkvæmd af þeim jarðvinnuverktaka sem annast ljósleiðaralagningu með samkomulagi sveitarfélagsins og aðila sem standa að verkinu. Í öllum tilfellum er miðað við að fyrir liggi samkomulag við viðkomandi landeiganda og að fullt samráð verði haft við hann varðandi lagnaleiðir.

Gjaldskrá tekur gildir frá 1. janúar 2020

Karl Ottar Pétursson  
bæjarstjóri

Sampykkt í bæjarráði 6. janúar 2020  
Sampykkt í bæjarstjórm 9. janúar 2020